

Reykjanesbær
14.10.2020

Bæjarráð Reykjanesbæjar
Bt. Friðjón Einarsson
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær	ASG
Mótt.	15.10.2020
Lykill	12.01
Málsnr.	2020100218
Ábm.	FOH

Happy Campers ehf, kt. 680809-0620 sem er dótturfélag, Blue Mountain ehf 530906-0860 sem er jafnframt eigandi lóðarinnar sendir inn hér með formlegt erindi vegna fyrirhugaðs opunar tjaldsvæðis á Stapabraut 21, 260 Reykjanesbæ.

Vorið 2021 hyggjumst við opna um 3000 fm tjaldsvæði sem mun vera hugsað fyrir bæði ferðabíla með og án rafmagns og fyrir tjöld. Þetta svæði væri hægt að stækka auðveldlega ef eftirspurnin yrði meiri.

Við teljum rekstur tjaldsvæðis fara vel með rekstri ferðabílaeigunnar þar sem við störfum nú þegar í ferðabíljónustunni og auðvelt að samnýta ýmsa þætti sem við höfum nú þegar. Þetta tjaldsvæði væri hugsað fyrir alla ferðamenn og auglýst þannig á okkar miðlum sem á sér heimasíðu.

Við óskum eftir viðræðum við Reykjanesbæ um mögulega aðkomu þess að uppbyggingu og rekstri þessa tjaldsvæðis. Með aðkomu bæjarins að tjaldsvæðinu teljum við að sveitarfélagið yrði samkeppnishæfara og Reykjanesbær yrði skemmtilegri áfangastaður.

Með ósk um jákvæð viðbrögð,
Virðingarfyllst,

Jón Sverrisson
Framkvæmdarstjóri
Happy Campers ehf.

Jón Sverrisson